

# Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

15. fundur stjórnar starfstímabilið 2015-2017

Haldinn 7. mars 2017 í skrifstofu 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

**Mættir:** Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Sigurjón Andersen (KK), Þórarinn Sófussón (GSE), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Ingvar Kristinsson (Björk), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Karl Georg Klein (SH), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Anders Már Þráinsson (SÍH), Ólafur Ragnarsson (Fjörður), Skúli Ragnarsson (AÍH) og Hörður Þorsteinsson (BH). Forföll: Viðar Halldórsson (FH), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Þórunn Ansnes (Sörli) og Magnús Gunnarsson (Haukar).

## Dagskrá:

### 1. Ferðastyrkir íþróttafélaga frá ÍSÍ 2016

Eftirtalin félög sóttu um og fengu styrki, Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar kr. 13.658, Brettafélag Hafnarfjarðar kr. 26.787, Badmintonfélag Hafnarfjarðar kr. 43.615, Golfklúbburinn Keilir kr. 47.275, Fimleikafélagið Björk kr. 67.846, Fimleikafélag Hafnarfjarðar kr. 119.538, Knattspyrnufélagið Haukar kr. 2.522.570, samtals til félaga innan ÍBH kr. 2.841.289. Sjóðurinn úthlutaði samtals kr. 100.000.000 fyrir árið 2016. Hægt er að sækja um styrki í sjóðinn einu sinni á ári. Umsóknargátt er opnuð á heimasíðu ÍSÍ í desember ár hvert og lokar um 10. janúar u.þ.b. mánuði seinna. ÍSÍ skilgreinir í samvinnu við sérsambönd ÍSÍ hvaða verkefni eru styrkhæf í hverri íþróttgrein fyrir sig á hverju ári.

### 2. Ársreikningar, féлага- og iðkendatal aðildarfélaga ÍBH starfsárið 2015 samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ 2016

Lagt fram til kynningar. Útprentaðri skýrslu dreift til fundarmanna.

### 3. Framboð til framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Bréf frá ÍSÍ um efnið dagsett 15. febrúar sl. lagt fram til kynningar. Tilkynningar um framboð þurfa að berast ÍSÍ fyrir 14. apríl nk.

### 4. Fulltrúafjöldi á 73. Íþróttaping ÍSÍ 5. – 6. maí 2017

Bréf frá ÍSÍ dagsett 21. febrúar sl. lagt fram til kynningar. ÍBH á rétt á 6 fulltrúum á Íþróttapingi ÍSÍ dagana 5. og 6. maí nk.

### 5. Nýr fræðslubæklingur – átröskun og íþróttir

Um er að ræða endurnýjun á bæklingi sem gefinn var út af ÍSÍ árið 1999. Hægt er að nálgast bæklinginn á heimasíðu ÍSÍ á slóðinni <http://www.isi.is/fraedsla/baeklingar>.

### 6. Svarbréf ÍSÍ dagsett 23. febrúar 2017 varðandi frisbígolf.

Samþykkt hefur verið að viðurkenna þær greinar frisbí-íþróttarinnar sem stundaðar eru undir merkjum World Flying Disc Federation (WFDF). Ef íþróttfélag um frisbí-íþróttir sækir um aðild að ÍBH þá þarf að ganga úr skugga um að þær íþróttir falli undir starfsemi WFDF.

### 7. Niðurgreiðslur í íþrótt- og tómsundastarf 6-17 ára

Umræður um niðurgreiðslur/frístundastyrki undanfarin ár. Hefur verið erfitt að fá greinargóðar upplýsingar um niðurgreiðslur frá Hafnarfjarðarbæ. Framkvæmdastjóra ÍBH falið að rita Hafnarfjarðarbæ bréf og óska eftir upplýsingum um niðurgreiðslur árin 2014, 2015 og 2016 þar sem sundurliðað er fyrir hvert ár hvað hvert íþróttafélag er að fá og hver er hlutur tómsundafélaga fyrir hvert ár.

## 8. Endurskoðun á tímaúthlutunarreglum ÍBH

Samþykkt að skipa vinnuhóp sem endurskoðar reglurnar og ákveður umsóknar- og úthlutunarfyrirkomulagið með fulltrúum frá Haukum, FH, Björk, DÍH, BH og Firði.

## 9. Hugmyndir að tillögum fyrir þing ÍBH 20. maí nk.

Lagt fram til kynningar. Umræður um tillögur. Allar tillögur eiga að sendast til skrifstofu ÍBH. Skilafrestur tillagna verður tilgreindur í þingboðinu sem verður sent til félaga mánuði fyrir þing.

## 10. Gögn sem ÍBH hafa borist:

- a). Bréf frá Hafnarfjarðarbæ um Bjarta daga 19. – 23. apríl nk.
- b). Bréf frá ÍSÍ um ráðstefnu Að stjórna íþróttafélagi – ekkert mál? 24. mars nk. í HÍ.
- c). Bréf frá Blaksambandi Íslands (BLÍ) um ársþing 10. mars nk.
- d). Bréf frá ÍSÍ um ráðstefnu Heilsuefling eldri aldurshópa – Hvað ætla stjórnvöld að gera? 16. mars nk. í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur.

## 11. Önnur mál

- a). Framkvæmdastjóra ÍBH falið að bóka Álfafellið fyrir þing ÍBH 20. maí nk.
- b). HM minnti á móttöku fyrir Ingvar S. Jónsson fyrrverandi íþróttafulltrúa 31. mars nk. kl. 12.00 í félagsheimili Golfklúbbsins Keilis.
- c). ÞS kynnti drög að bréfi til Hafnarfjarðarbæjar að nýju íþrótt- og útivistarsvæði við Hvaleyrvatn. Ef félög vilja vera með þá eru þau beðin um að senda Þórarni ([thorarinns@gmail.com](mailto:thorarinns@gmail.com)) tölvupóst sem fyrst áður en hann sendir bréfið til Hafnarfjarðarbæjar.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.00 og lauk kl. 19.30.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.